

Fundur 26. júlí 2007

**Fundargerð 266. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps fimmtudaginn 26. júlí 2007 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Sigurbjörg Daníelsdóttir, Rebekka Eiríksdóttir, Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Fundargerðin færð í tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Gústaf setti fund og bauð menn velkomna.

**Dagskrá:**

Fundargerðir:

1. Fundargerð 265. fundar hreppsnefndar 12. júlí 2007. Samþykkt.
2. Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefndar 23. júlí 2007. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Samþykktir Menningarráðs Vestfjarða lagðar fram til staðfestingar. Samþykktar. Sveitarstjóra falið að kynna Menningarráð fyrir íbúum Reykhólahrepps.
2. Ársreikningur Reykhólahrepps fyrir árið 2006, síðari umræða. Guðmundur Snorrason endurskoðandi Reykhólahrepps kemur inn á fundinn og gerði grein fyrir ársreikningi ársins 2006. Reikningurinn samþykktur.

Önnur mál.

1. Vegagerð í Gautsdal. Hreppsnefnd mótmælir harðlega vinnubrögðum Vegagerðarinnar við lagningu Arnkötuldalsvegar í Gautsdal og krefst skýringa á því hvers vegna vegurinn er færður til um 60-70 metra frá þeirri veglínu sem gert var ráð fyrir í umhverfismati og framkvæmdaleyfi var gefið fyrir, án þess að leita umsagnar Skipulagsstofnunar eins og lög gera ráð fyrir. Sveitarstjóra falið að koma mótmælum hreppsnefndar á framfæri.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 17:55.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)